



Atvinnuleysi minnkar en skattar á launagreiðslur aukast

Atvinnuleysi hefur minnkað stöðugt

Atvinnuleysi hefur verið nokkuð í brennidepli að undanförunu, m.a. í tengslum við styttingu bótaréttar, fjárframlög til menntunar og endurhæfingar atvinnulausra og upphæðir atvinnutryggingargjalds.

Atvinnuleysi hefur minnkað stöðugt síðustu misseri. Í ársbyrjun 2010 voru um 14.700 manns skráðir atvinnulausir, eða um 9% mannafla á vinnumarkaði. Í nóvember voru um 5.400 skráðir atvinnulausir, eða um 3,3%. Skráðum atvinnulausum hefur þannig fækkað um u.þ.b. 9.300 manns á þessum tíma, sem er mikill árangur.

Mikil árstíðarsveifla í atvinnuleysi gerir samanburð á tölum úr úrtakskönnun Hagstofunnar erfiðan. Í janúar 2010 var meðalatvinnuleysi undanfarinna 12 mánaða 7,4% skv. mælingum Hagstofunnar. Samvarandi tala nú í nóvember var 5%, en mæling Hagstofunnar á atvinnuleysi í nóvember var 3,1% sem er óvenju lágt.


Meðaltalið segir ekki alla söguna

Skráð atvinnuleysi kvenna hefur verið meira en meðal karla á síðustu misserum. Meðalatvinnuleysi undanfarna 12 mánuði var 3,3% meðal karla og 4,4% meðal kvenna. Atvinnuleysi meðal karla hefur minnkað mun meira en kvenna frá árinu 2012.

Tölur Vinnumálastofnunar sýna einnig að atvinnuleysi er meira á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni. Sá munur hefur þó minnkað. Í upphafi ársins 2012 munaði um 2 prósentustigum en nú í nóvember var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu um hálfu prósentu meira.


Atvinnuleysi er mjög misjafnt eftir landsvæðum. Sé litið á meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða sést að það er langmest á Suðurnesjum og minnst á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Atvinnuleysi skv. mælingum
Hagstofu og Vinnumálastofnunar




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

Atvinnuleysi eftir kyni skv.
Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

Atvinnuleysi eftir búsetu -
Vinnumálastofnun



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

Staða kvenna sums staðar slæm

Sé litið nánar á kyn og búsetu kemur í ljós að atvinnuleysi er áberandi mest meðal kvenna á Suðunesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Í nóvember voru t.d. 6% kvenna á Suðurnesjum og 4% kvenna á höfuðborgarsvæðinu án atvinnu. Atvinnuleysi kvenna var minnst á Vestfjörðum, 1,9% í desember. Í öllum þessum tilvikum var atvinnuleysi í nóvember töluvert lægra en meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða þannig að þróunin er í rétta átt.


Svipað mynstur uppi hjá körlum

Atvinnuleysi karla er einnig mest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, 4,3% á Suðurnesjum og 3,1% á höfuðborgarsvæðinu í nóvember. Þá var atvinnuleysi karla minnst á Vesturlandi, 1,6%. Í öllum þessum tilvikum var atvinnuleysið lægra í nóvember en að meðaltali undanfarna 12 mánuði.


Launategd gjöld hafa aukist

Töluverð umræða hefur verið um styttingu bótaréttar atvinnulausra sem sparnaðaraðgerð ríkissjóðs. Í því sambandi er vert að halda því til haga að atvinnuleysisbótakerfið er að meginuppistöðu fjármagnað með skattlagningu á launagreiðslur. Þannig má segja að launafólk í landinu sé að miklu leyti að greiða atvinnuleysisbætur sínar sjálft með því að atvinnutryggingargjald er tekið af launum og greitt í ríkissjóð. Beint atvinnutryggingargjald á tekjuárinu 2014 er 1,45% af launum. Almenn tryggingargjald, sem einnig er lagt á laun, er 6,04% og fer að mestu leyti til Tryggingastofnunar og Fæðingarorlofssjóðs. Tryggingargjald alls er því 7,59% á allar launagreiðslur í landinu.


Atvinnutryggingargjaldið var hækkað umtalsvert árin 2009 og 2010 þegar atvinnuleysi var sem mest, en hefur lækkað nokkuð síðan. Sé hugmyndafræðin sú að gjaldið eigi að fylgja kostnaði vegna atvinnuleysisbóta má sjá að svo hefur ekki verið. Munur á atvinnuleysisprósentu og hlutfalli atvinnutryggingargjalds var sáralítill á árunum fyrir hrun. Munurinn jókst hins vegar mikið á árunum 2008 og 2009. Þetta bil var brúað að nokkru leyti með hækkun gjaldsins 2010 og 2011. Síðan þá hefur bæði atvinnuleysi og atvinnutryggingargjald lækkað með svipuðum hætti en þó þannig að munurinn á hlutfalli atvinnutryggingargjalds og



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagfræðideild



Heimild: Vinnumálastofnun, Hagfræðideild



Heimild: Vinnumálast., Ríkisskattstjóri, Hagfræðideild



atvinnuleysisprósentu er mun meiri en áður var. Skattlagning á launagreiðslur í landinu hefur því aukist. Atvinnutryggingargjald er því í auknum mæli orðin tekjulind fyrir ríkissjóð. Aukin skattlagning launagreiðslna með þessum hætti dregur úr getu atvinnurekenda til að ráða nýja starfsmenn og því verður fjölgun starfa minni en ella.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.